



Félagaskipti
Upplýsingar til félaga.



Tölvupóstfang vegna félagaskipta: felagaskipti@ksi.is

Umsjónarmaður félagaskipta hjá KSÍ:

Hafsteinn Steinsson hafsteinn@ksi.is 510-2927

Félagaskipti er framkvæmd á opnunartíma skrifstofu KSÍ
Mánudaga – Fimmtudaga 8-16 og Föstudaga 8-15



Reglugerð: [https://www.ksi.is/library/Skrar/Log-og-reglugerdir/Regluger%c3%b0%20KS%c3%8d%20um%20f%c3%a9lagaskipti%20samninga%20og%20st%c3%b6%c3%b0u%20leikmanna%20og%20f%c3%a9la%20\(26.%20apr%c3%adl%202022\).pdf](https://www.ksi.is/library/Skrar/Log-og-reglugerdir/Regluger%c3%b0%20KS%c3%8d%20um%20f%c3%a9lagaskipti%20samninga%20og%20st%c3%b6%c3%b0u%20leikmanna%20og%20f%c3%a9la%20(26.%20apr%c3%adl%202022).pdf)

- Félagaskipti innanlands fara fram í gegnum innri vef KSÍ – Félagaskipti milli landa fara fram í gegnum TMS
- Meistaraflokksleikmenn sem fá leikheimild í febrúar með nýju félagi fá undanþágu til að leika með nýju félagi í leikjum fyrir leikheimildartíma. Þetta á eingöngu við félagaskipti innanlands. Ef ganga þarf frá félagaskiptum á milli landa þá er leikmanni ekki heimilt að leika með nýju félagi fyrr en á leikheimildardegi.
- Meistaraflokksleikmenn geta eingöngu átt félagaskipti í félagaskiptagluggum en yngri leikmenn (leikmenn í 2fl og yngri, ósamningsbundnir) geta skipt á milli glugga en þó ekki eftir að seinni gluggi lokar.

VIÐ MINNUM FÉLÖG Á AÐ FYLGJAST VEL MEÐ HVORT ÞEIRRA BÍÐI SAMÞYKKI FÉLAGASKIPTA Á INNRI VEF KSÍ



Félagaskiptagluggar 2023

Félagaskiptagluggi efri deilda kk. og kvk.:

Besta deild karla, Besta deild kvenna, Lengjudeild karla, Lengjudeild kvenna og 2. deild karla
Fyrri gluggi (12 vikur): **2. febrúar til 26. apríl 2023**

Sumargluggi (4 vikur): **18. júlí til 15. ágúst 2023**

Tímabundinn sumargluggi í 2. deild karla og 1. deild kvenna (2 vikur): **18. júlí til 1. ágúst 2023**

Félagaskiptagluggi neðri deilda kk. og kvk.:

2. deild kvenna, 3. deild karla, 4. deild karla, 5. deild karla og Utandeild.

Félagaskiptagluggi: **1. febrúar til 1. ágúst 2023**



- 20.2.1. Skráningargjald félagaskipta leikmanna 16 ára og eldri innanlands skal vera 3.000,-. Skráningargjald félagaskipta leikmanna yngri en 16 ára innanlands skal vera kr. 1.500,-.
- 20.2.2. Skráningargjald félagaskipta leikmanna 18 ára og eldri úr erlendu félagi hingað til lands skal vera kr. 5.000,-. Skráningargjald félagaskipta leikmanna yngri en 18 ára úr erlendu félagi hingað til lands (FIFA Minor transfer) skal vera kr. 10.000,-.
- 20.2.3. Skráningargjald, skv. gr. 20.3.1., skal falla niður sé um að ræða félagaskipti leikmanns á milli félaga sem tefla fram sameiginlegu keppnisliði í 2. flokki karla og/eða kvenna.



10. gr.

Félagaskipti

10.1. Félagaskipti leikmanna eru heimil sem hér greinir:

- 10.1.1. Leikmaður getur mest verið skráður í þrjú félög á keppnistímabilinu. Á því tímabili er honum aðeins heimilt að taka þátt í opinberum knattspyrnuleikjum með tveimur félögum, sbr. þó ákvæði um 4. aldursflokk eða yngri í grein.
- 10.1.4. Undanþága skal veitt frá þessu þegar leikmaður skiptir um félag á milli landa, og keppnistímabil þeirra skarast þannig að í öðru landinu er tímabilið vor/haust en í hinu haust/vor. Þegar slíkt á við er leikmanni heimilt að leika í opinberum knattspyrnuleikjum með þremur félagsliðum á keppnistímabilinu svo fremi sem öðrum skuldbindingum sé fullnægt.



Þegar félög stofna beiðni um félagaskipti skal samþykki leikmanns og forráðamanns ef það á við vera á þessu formi:

<https://www.ksi.is/library/Skrar/Motamal/F%c3%a9lagaskipti.%20Player%20transfer.%20Sam%c3%beykki%20leikmanns.%20Player%20consent.%20Image%20or%20signature.pdf>

Ef viðunandi skjöl fylgja ekki beiðni verður skiptum hafnað.



Ef um varanleg félagaskipti er að ræða þá getur leikmaður eingöngu spilað með tveimur félögum.

Leikir í Lengjubikar telja.

Dæmi: Ef leikmaður kemur við sögu í lengjubikar(deildarbikarkeppni) með því félagi sem hann er skráður í, skiptir í annað félag og spilar með því í lengjubikar, bikarkeppni eða deildarkeppni þá er hans kvóti búinn. Hann getur því ekki leikið með öðru félagi né skipt til baka og spilað í því félagi sem hann var í þegar tímabil hófst.



Tímabundin félagaskipti eru aðeins heimil fyrir leikmenn sem eru á leikmannssamningi, þ.e. leikmenn á slíkum samningum sem eru hjá liðum í Bestu deildum karla og kvenna, í Lengjudeildum karla og kvenna og í 2. deild karla.

Keppnisleyfi á grundvelli tímabundinna félagaskipta verður ekki gefið út nema að félög sýni fram á að þau hafi uppfyllt ákvæði 16.5 í reglugerð KSÍ um tímabundin félagaskipti leikmanna. Afrit af samningnum þarf að berast með rétt útfylltu eyðublaði.

21.3. Lágmarkstími tímabundinna félagaskipta er á milli tveggja félagaskiptatímabila. Leikmaður sem hefur fengið tímabundin félagaskipti með lokadagsetningu eftir lok síðara félagaskiptatímabils ár hvert fær útgefið keppnisleyfi með samningsfélagi sínu að nýju eftir lok keppnistímabils sama ár og tekur gildi við upphaf næsta félagaskiptatímabils. Hámarkstími tímabundinna félagaskipta skal vera til loka keppnistímabils sama ár og gengið er frá tímabundnum félagaskiptum.

21.4. Félög, sem semja um tímabundin félagaskipti leikmanns, skulu gera um það skriflegan samning þar sem fram koma kvaðir félaganna og hlutur leikmanns og skal hann undirritaður af báðum félögum, leikmanni og forráðamanni ef við á. Komi til vanefnda af hálfu félags sem fær til sín leikmann með tímabundnum félagaskiptum skal samningsfélag leikmanns ábyrgt fyrir efndum á leikmannssamningi hans. Brot á ákvæðum þessum skal fara með skv. kafla IX í reglugerð þessari.



- Leikmenn yngri flokka geta ekki skipt um lið eftir að sumargluggi neðri deilda lokar
- Leikmenn geta eingöngu spilað með tveimur félögum á tímabili
- Innlend félagaskipti fara fram í gegnum innri vef KSÍ
- Félagaskipti á milli landa fara fram í gegnum TMS
- Félagaskipti yngri leikmanna (yngri en 18 ára) milli landa fara fram í gegnum TMS minor



Leikmenn á reynslu:

Í samræmi við 19. grein reglugerðar FIFA um stöðu og félagaskipti leikmanna, þá skal félag/félög og leikmaður sem boðaður er til reynslu koma sér saman um skilyrði og fyrirkomulag á reynslutíma. Notast skal við sérstakt eyðublað aðgengilegt á vefsíðu FIFA vegna þess. Þegar eyðublað hefur verið fyllt út skal því hlaðið upp í FIFA TMS af félagi í síðasta lagi 10 dögum áður en reynslutími hefst.